

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. júní 2024 í máli nr. 132/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild, kröfugerð og ágreiningsefni

Þann 27. nóvember 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hún hafi sótt um og fengið úthlutaða svokallaða gestavinnustofu hjá varnaraðila tímabilið 1. maí–6. júní 2023. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 1.600 evrur fyrir leiguna. Innifalið í verðinu var gisting, aðgangur að vinnustofu og íbúðarrými, lokakynning á vinnustofu, kynning á vef og verkfæri. Sóknaraðili bendir á að miklar framkvæmdir hafi verið í gangi á meðan dvöl hennar hafi staðið með tilheyrandi hávaða og óþrifnaði. Sóknaraðili kveðst ekki hafa getað nýtt aðstöðuna til listsköpunar og hafi því farið fyrr heim sökum þess hve illa hafi verið staðið að málum.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila 1.600 evrur.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála ber kærunefnd vöru- og þjónustukaupa að vísa málum frá sem heyrir undir, eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð hjá öðrum viðurkenndum eða lögbundnum úrskurðaraðila sem ráðherra hefur skráð og tilkynnt.

Húsaleigulög nr. 36/1994 gilda um leigusamninga um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að lögin gildi um samninga sem ásamt öðru eru um afnot húsnæðis gegn endurgjaldi að því tilskildu að sá þáttur sé meginatriði þeirra. Ágreiningur málsins fellur samkvæmt því undir gildissvið laga nr. 36/1994. Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. húsaleigulaga geta aðilar leigusamnings leitað atbeina kærunefndar húsamála vegna ágreinings við gerð og/eða framkvæmd leigusamnings og kærunefndin kveður í kjölfarið upp úrskurð. Heyrir ágreiningur máls þessa því undir kærunefnd húsamála sem er viðurkenndur úrskurðaraðili á sviði neytendamála í samræmi við 8. gr. laga nr. 81/2019. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. b. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt.

**IV**  
**Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt c. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson